

CRI hf.  
Gunnar Þórðarson  
Holtasmári 1  
201 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2019  
UST201901-204/gf  
08.09.02

**Varðar vettvangsheimsókn fulltrúa Umhverfisstofnunar til CRI hf. í Svartsengi þann 9. apríl 2019.**

Þann 9. apríl sl. fór fram eftirlit í metanólverksmiðju CRI hf. í Svartsengi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ábendingar voru gerðar við geymslu eldfimra og tærandi efna á baklóð verksmiðjunnar (sjá meðfylgjandi). Uppfærð viðbragðsáætlun hefur borist.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Suðurnesja (í tölvupósti).

# EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI hf. Svartsengi, Grindavík

U  
UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	CRI hf.	Eftirlitsmaður	Ísak S. Bragason
Heimili	Holtasmára 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	72190
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti en ábendingar voru gerðar um geymslu eldfimra og tærandi vökva á baklóð verksmiðjunnar. Farið var fram á tiltekt og að lekabyttur yrðu settar undir vökva í geymslu. Eins var rekstraraðili beðinn um að senda Umhverfisstofnun afrit af uppfærðri viðbragðsáætlun.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimssókn vegna eftirlits hjá CRI hf. í Svartsengi, Gunnar Þórðarson var fulltrúi rekstraraðila og Ísak Sigurjón Bragason starfsmaður Teymis efnamála og Gottskálk Friðgeirsson Teymi mengunareftirlits voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

1. Skoðun á verksmiðju, efnageymslum og niðurdælingarholum frárennslis.
2. Staða frávika og athugasemdir frá fyrri árum
3. Tíðni eftirlits og áhættumat á fyrirtækinu
4. Nýtt starfsleyfi og kröfur til rekstraraðila
5. Frárennslí verksmiðjunnar
6. Losun til andrúmslofts
7. Úrgangur, magntölur og geymsla úrgangsefna
8. REACH
9. Atvik, óhöpp og kvartanir

1. Gengum þrír um verksmiðjusvæðið, litið var til lagna fyrir koltvíssýring (CO<sub>2</sub>) og vatn sem liggja inn á svæðið frá HS Orku, búnaðar til hreinsunar á koltvíssýringnum með amínlausn og sínkoxiði. Eins hreinsunar á vatni áður en það er klofið í rafgreinum í vetni og súrefni, búnað til að þjappa efnunum saman og með efnahvötum að framleiða metanól og vatnsblöndu sem er síðan eimud til þess að fram metanól sem söluvöru.

Skoðuð var geymsla fyrir úrgang og spilliefni sem er bakatil á lóðinni. Síðan farið austur fyrir verksmiðjuhúsið þar sem átöppun á flutningsgema fer fram á áfyllingarplani tengdu safntanki neðanjarðar. Búnaður tengdur olíufylltum spennum var skoðaður en afrennslí vegna hugsanlegra leka á olíuefnum fer í niðurgraffnar söfnunarþrær utanhúss.

Vestast á svæðinu utan girðingar er niðurdælingarhola (SV-01) sem tekur við frárennslí frá verksmiðjunni, s.s. afjónuðu ferskvatni, þéttivatni frá gufu, vatnsbotni frá eimingu á metanóli og vatni frá vothreinsun á gasi. Skólpí úr olíuskiljum, niðurföllum af verksmiðjugólfum og verkstæðum er gert að halda frá niðurdælingu í jarðsjó. Gert er að meðhöndla slíkt skólp með siturlögn eða að öðrum kosti að flytja það allt af svæðinu til viðurkenndrar móttökustöðvar eða nota sambærilega aðferð. Tveir af þremur rafgreinum hafa verið fjarlægðir og sendir burt til viðgerðar. Áætlað er að þeir verði komnir afur í notkun á haustmánuðum og verksmiðjan þá aftur á fullum afköstum. Lútur (KOH) sem notaður er á rafgreinana stendur á 1000 L körum utanhúss og bíður þess að vera aftur settur á búnaðinn. Talið var hættuminna að geyma körin á verksmiðjusvæðinu frekar en að flytja vökvann sem er um 14.000 L um þjóðbraut til geymslu hjá verktaka í Grindavík.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

2. Fundað var um starfsemina í höfðustöðvum CRI hf. að Holtasmára 1 í Kópavogi.

Fyrst var fjallað um stöðu eldri frávika. Tvö frávik sem nú hefur verið lokað eru frá árinu 2017. Bæði snéru að því að undanþágur ráðuneytis höfðu runnið út áður en nýtt starfsleyfi hafði tekið gildi. Önnur undanþágan snéri að því að leyfa vothreinsun á útblæstri í stað brennara. Hin undanþágan snéri að því að leyfa rekstraraðila að losa alkóhól í frárennslí án sérstaks hreinsibúnaðar í frárennslinu til þess að meðhöndla alkóhól. Nýjar undanþágur ráðuneytis fengust og frávikunum var lokað. Eitt frávik fannst í eftirliti á árinu 2018. Frávikið snéri að skilum á ástandsskýrslu búnaðar. Skýrslan barst með skilum og var frávikinu snarlega lokað.

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi eru því opin á þessari stundu.

Nokkrar athugasemdir og ábendingar hafa verið gerðar við geymslu úrgangs og spilliefna á baklóð verksmiðjunnar og hefur nokkuð þokast í að bæta þar um. Ábending var gefin um að koma fyrir lekabyttu (lekavörn) undir tunnum og bömbum með hættulegum tærandi / eldfimum fljótandi úrgangi. Eins var gerð athugasemd við ástand (ryð) 200 L tunna sem söfnuðust fyrir á baklóðinni. Samið hefur verið við Hópsnes og Efnamóttökuna um geymslu úrgangsins þar til safnast hefur upp nóg magn til þess að fylla gám til útflutnings.

Enn þarf að bæta ásýnd og umgengni á baklóðinni.

3. Tíðni eftirlits og aðferð til þess að ákveða hversu oft skal koma í eftirlit hjá CRI hf. Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit hefur verið felld úr gildi. Rekstraraðili hefur verið í eftirlitsflokki 1 og fengið tvö eftirlit á ári en nú þarf að ákveða tíðni vettvangsheimsókna með öðrum hætti. Farið var yfir aðferðarfræði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um hvernig ákvarða skal tíðni eftirlits. Nota skal kerfishundið mat á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal niðurstaða matsins ákveða hversu oft skal koma í vettvangseftirlit. Fyrirskipað er að vettvangsheimsóknir skuli vera á bilinu frá árlegu og til allt að á þriggja ára fresti. Farið var yfir fyrstu hugmyndir að áhættumati fyrir verksmiðjur sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með.

4. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er frá 21. mars sl. Farið var yfir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfinu.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir. Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar starfseminnar sem er frá 2012. Hún er óbreytt og þarf nást ekki uppfærslu. Viðbragðsáætlun byggð á niðurstöðum áhættumats skal liggja fyrir og endurskoða á fjögurra ára fresti. Farið var fram á að nýjasta útgáfa viðbragðsáætlunar verði send eftirlitsaðila, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Mæla skal TOC og VOC og senda eftirlitsaðila niðurstöður tvísvar á ári, fyrir 1. október og fyrir 1. maí ár hvert. Hljóð var mælt fyrir nokkrum árum og var allt innan marka. Ekki verður farið fram á nýjar mælingar á hávaða nema breytingar verði á rekstrinum eða sem viðbrögð við kvörtunum.

Skýrslugjöf og tilkynningar til eftirlitsaðila hafa lítið breyst en þó hefur verið lögð af skýrsluskil vegna ástandsskoðana á búnaði verksmiðjunnar.

Farið var yfir kröfur til þess að rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og komi á umhverfisstjórnunarkerfi. Heildstætt umhverfisstjórnunarkerfi skal vera tilbúið fyrir 1. nóvember nk.

5. Heimiluð hefur verið niðurdæling frárennslis annars en olíumengaðs skólps og skólps frá starfmannaaðstöðu. Taka skal daglegt sýni í niðurdælingarfrárennslí, sameina það í vikusýni og mæla í því styrk TOC-efna. Styrkur TOC í frárennslinu skal vera undir 100 mg/L mælt sem árlegt meðaltal.

6. Hreinsibúnaður skal vera á losun rekstraraðila til andrúmslofts. Nýtt starfsleyfi heimilar vothreinsun, en blæða þarf kerfið til þess að losa út köfnunarefni sem safnast fyrir í ferlinu. Mæla á losun VOC efna (metanól þar með talið) og skal styrkur rokgjarnra efna ekki fara yfir 35 g/Nm<sup>3</sup> á klst. í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 252/1999 um varnir gegn losun VOC efna.

7. Farið var yfir magntölur úrgangs og breytingar á þeim við aukið leyfilegt umfang í starfsleyfi. Um 22 þúsund lítrar af lút eru á rafgreinum verksmiðjunnar þegar allir eru í gangi, um 800 lítrar af notaðri amínlausn leggjast til árlega, 1,5 tonn af sínkoxiði/sínskúlfíði leggjast til árlega og efnahvötum er skipt út á 5 til 7 ára fresti og þá þarf að koma þeim í endurvinnslu, hugsanlega erlendis.

Engin aðstaða er til geymslu úrgangsefna á verksmiðjulóðinni og farið var fram á tiltekt í horninu bakatil þar sem efnin hafa verið geymd þar til samið var við Efnamóttökuna um geymslu efnanna.

8. Ísak Sigurjón Bragason fór nú yfir mál sem snúa að REACH og heyra undir Efnastofnun Evrópu. Niðurstöður þess koma fram í annari skýrslu og verður því ekki fjallað um þær hér.

9. Engin atvik, óhöpp né kvartanir hafa komið fram sem tilkynningarskyldar eru.

## ÁBENDINGAR

Ábendingar voru gerðar um geymslu efna og úrgangs á baklóð verksmiðjunnar.

Farið var fram á tiltekt og að lekabyttur yrðu settar undir vökva í geymslu. Eins var rekstraraðili beðinn um að senda Umhverfisstofnun afrit af uppfærðri viðbragðsáætlun.

## ANNAÐ


Niðurstöður mælinga í útblæstri og frárennslí skulu berast Umhverfisstofnun á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) fyrir 1. október nk.

Heildstætt umhverfisstjórnunarkerfi skal vera tilbúið fyrir 1. nóvember nk.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.05.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson